**Nr. 42.**
8.
nóv.

# Lög

um

## friðun hreindýra.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreindýr skulu friðhelg vera alla tíma árs fyrst um sinn í 10 ár, frá 1. janúar 1902 að telja, og varðar 50 króna sekt fyrir dýr hvert, ef drepið er.

2. gr.

Mál um brot gegn lögum þessum eru almenn lögreglumál. Rennur helmingur sektafjárins í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið, en hinn helmingur ber uppljóstarmanni.

3. gr.

Hjer með er úr gildi numin 3. gr. í lögum 17. marz 1882, um friðun fugla og hreindýra.

Enn fremur skal sú ákvörðun í tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849 7. gr.: „Hreini má veiða og elta hvar sem er", úr lögum numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 8. nóvember 1901.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Fredning af Rensdyr.

Nr. 42.
8de
Novbr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Rensdyr skulle fredes hele Aaret igennem foreløbig i 10 Aar fra 1ste Januar 1902 at regne under en Bødestraf af 50 Kr. for hvert Dyr, der dræbes.

§ 2.

Sager i Anledning af Overtrædelse af denne Lov behandles som offentlige Politisager. Den ene Halvdel af Bøderne tilfalder den Kommunes Kasse, hvor Overtrædelsen er begaaet. Den anden Halvdel tilfalder Angiveren.

§ 3.

Lov om Fredning af Fugle og af Rensdyr af 17de Marts 1882 § 3 ophæves.

Endvidere ophæves følgende Bestemmelse i Anordning om Jagten i Island af 20de Juni 1849 § 7: „Rensdyr er det ogsaa tilladt at jage og forfølge hvorsomhelst".

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 8de November** 1901.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 8de November 1901.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*